

SAMTÖK SVEITARFÉLAGA Á NORÐURLANDI VESTRA



Umhverfismál, markmið og mælikvarðar

Ólöf Lovísa Jóhannsdóttir

Atvinnuráðgjafi á sviði nýsköpunar
olof@ssnv.is

Lykilmálaflokkur í sóknaráætlun

Norðurland vestra fyrirmynd í umhverfismálum

Áhersluverkefni: Landshluti til forystu í loftslagsmálum og heimsmarkmiðum

Styðja við sveitarfélögin í að mæta kröfum sem á þau eru gerð og efla umhverfisvitund íbúa til að auka árangur í málaflokknum.



SÓKNARÁÆTLUN
NORÐURLANDS VESTRA

Landshluti til fyrirmyndar í umhverfis- og loftslagsmálum?




UMHVERFISMERKI



LÍFRÆN RÆKTUN



Hitaveita



Hvað þurfum við að gera til að vera í forystu?

- Kortleggja og þekkja neikvæð umhverfisáhrif af okkar völdum
- Setja markmið og móta aðgerðaáætlun um hvernig á að draga úr þeim
- Innleiða lausnir sem eru til staðar – Styðja við nýsköpunarlausnir
- Láta ekki einfaldar aðgerðir hanga yfir okkur heldur framkvæma þær
- Vinna saman – Umhverfismálin eru ekki eins manns verk.
- Hlaupa hratt

Græn Skref á Norðurlandi vestra

- Byggir á Grænum skrefum í ríkisrekstri
- Aðlagð að rekstri sveitarfélaganna, þörfum á landsbyggðinni og áherslum í sóknaráætlun
- Hvatakerfi sem hjálpar sveitarfélögum að uppfylla lagalegar skyldur, auka umhverfisvitund og draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum frá rekstri
- Snjóboltaáhrif – skapar þrýsting á minni aðila að sýna ábyrgð í umhverfismálum
- Við erum farin af stað og vonum að flestir vilji koma með okkur



Stefna – markmið - aðgerðaáætlun

- Samkvæmt lögum um loftslagsmál skulu sveitarfélögin vera með loftslagstefnu sem inniheldur skilgreind markmið og aðgerðir (5 gr. Lög nr. 70/2012)
- Til að draga úr umhverfisáhrifum verðum við að vita hvar þau eiga sér stað og það gerum við með því að halda grænt bókhald.
- Mörg dæmi um að aðilar einbeiti sér að losunarpætti sem hefur ekki teljandi áhrif.
- Vinnustofur fyrir sveitarfélög þar sem við hjálpum þeim að
 - Kortleggja losunarpætti
 - Halda grænt bókhald/losunarbókhald
 - Setja mælanleg markmið
 - Móta aðgerðaáætlun

Svæðisáætlun úrgangs á Norðurlandi

- Aðalatriði stefnunnar eru:
 - Draga úr myndun úrgangs, auka endurvinnslu og endurnýtingu og lágmarka förgun.
 - Forgangsráða aðgerðum í úrgangsmálum í samræmi við lög (7. gr. laga nr. 55/2003) og beita hagrænum hvötum sem tryggja sem besta heildarniðurstöðu fyrir umhverfið, með hagsmuni komandi kynslóða að leiðarljósi.
 - Stuðla að sem mestri úrvinnslu úrgangs á svæðinu, bæta nýtingu auðlinda, draga úr flutningi og skapa atvinnu í héraði.
 - Hætta að urða lífrænan úrgang og hann verði nýttur til hagsbóta á svæðinu.
- Leitast verður eftir því að finna lausn til að framleiða eins verðmæta vöru og hægt er úr sláturúrgang




Svæðisáætlun úrgangs á Norðurlandi

Í stefnunni eru 18 aðgerðir undir 7 málaflokkum með markmiðum og mælikvörðum

Aðgerðirnar snúa m.a. að

- Miðlun upplýsinga og aukinni fræðslu
- Bættu samstarfi við atvinnulífið
- Bættri nýtingu á lífrænum úrgangsstraumum
- Bættum innviðum og áranguríkari flokkun og söfnum
- Hagrænum hvötum



Hvernig verðum við í forystu í umhverfis- og loftslagsmálum?

- Við notum þessi verkfæri sem við höfum
- Við gefum okkur tíma til að framkvæma aðgerðir (stórar og smáar) til að ná markmiðum

Mælikvarðar?

- Fyrsti landshlutinn þar sem öll sveitarfélög ná 5 Grænum skrefum
- Fyrsti landshlutinn þar sem öll sveitarfélögin eru með loftslagsstefnu og aðgerðaáætlun í samræmi við lög

SAMTÖK SVEITARFÉLAGA Á NORÐURLANDI VESTRA





Takk fyrir 😊

